

**Nd.**

## **486. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

### **1. gr.**

a. Í stað 1. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um íbúðarhúsnæði, nema honum sé, að dómi húsaleigunefndar, þess þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, skyldmenni í beinni línu, kjörbörn, fósturbörn eða systkini, enda hafi hann og eignast hús það, sem íbúðin er í, fyrir 1. jan. 1946. Þó skal leigusala einnig heimilt að segja upp íbúðarhúsnæði í húsi, sem hann eignast eftir þann tíma, ef honum, að dómi húsaleigunefndar, er þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig, enda sé leigusali innanhéraðsmaður. Leigusala er og heimilt að segja upp leigumála um íbúðarhúsnæði í húsi, sem stendur í vegi fyrir byggingaframkvæmdum, er hafa, að dómi húsaleigunefndar, í för með sér verulega aukningu á húsnæði.

b. Í stað 3. mgr. sömu lagagreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Eftir 14. maí 1946 er leigusala heimilt að segja upp húsnæði, sem notað er til atvinnurekstrar.

c. Í lok sömu lagagreinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Húsaleigulögin fela í sér óvenjulega mikla réttarskerðingu fyrir húseigendur, og óvinsældir þeirra fara vaxandi. Lögin voru sett sem styrjaldarráðstöfun. Þess vegna hafa húseigendur sætt sig við þau, en hins vegar vænzt þess, að þau yrðu felld úr gildi, er styrjöldinni lyki.

Nú er senn liðið ár frá styrjaldarlokum, og húsabyggingar aukast hröðum skrefum. Í Reykjavík einni munu nú vera í smíðum um 1000 íbúðir. Auk þess er í ráði það flytja inn allmikið af tilbúnum sænskum timburhúsum. Ættu þessar framkvæmdir að draga að miklum mun úr húsnæðisvandráðum og nauðsyn húsaleigulaganna.

Alþingi samþykkti nýlega að fela ríkisstjórninni að láta tafarlaust fara fram rannsókn á áhrifum húsaleigulaganna og endurskoðun á þeim. Umræður um þingsályktun þessa leiddu ótvírætt í ljós, að Alþingi lítur svo á, að við húsaleigulögin óbreytt verði ekki unað. En sökum þess, að nefnd rannsókn hlýtur að taka nokkurn tíma, líta flutningsmenn þessa frv. svo á, að réttmætt sá að bæta nú þegar nokkuð úr því misrétti, sem sumir húseigendur eiga við að búa.